

Kennari: Eva Björk Lowe og Hrönn Guðmundsdóttir

Tímafjöldi: 7

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inni í bekk.

Bekkur: 6. bekkur

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Börn hefja skólagöngu talandi á móðurmáli sínu, hvort sem um er að ræða á íslensku, íslensku táknmáli eða öðru tungumáli. Skólinn verður í upphafi virkur þátttakandi í máluppeldi barnsins ásamt heimili þess. Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin. Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í 4 flokka, talað mál, hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Þessir flokkar eru ekki einangraðar deildir íslenskukennslunnar heldur hlutar af samofinni heild. Þar getur hver haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

Hugtök

Lestur/bókmenntir	Málfræði	Stafsetning	Ritun
Lesskilningur	Orðflokkagreining	Stór og lítill stafur	Punktur
Leshraði	Nafnorð	Ng/nk reglan	Komma
Orðaforði	Lýsingarorð	-n/-nn reglan	Upphaf
Boðskapur	Sagnorð	Tvöfaldur samhljóði	Meginmál
Líkingar	Sérnöfn/samnöfn		Endir
Myndmál	Samheiti/andheiti		Setningar
Rím	Greinir		Málgreinar
Ljóðstafir	Kyn		Forsíða/baksíða
Ljóðlína	Fall		Persónulýsingar
Ljóð	Eintala/Fleirtala		Mismunandi málsnið
Þulur	Nútíð/þátíð		
Vísur	Nafnháttur		
Ævintýri	Orðtök		
Þjóðsögur	Málshættir		
Myndasögur	Stafrófsröð		
Blaðagreinar	Margræðni orða		

Íslenska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> - Benjamín dúfa - Málrækt 2 - Orðspor 1, lesbók/vinnubók - Fyrsti smellur - Lesrún 2 - Skrift 4 - Lestrarbækur/sögubækur - Ljóðabækur - Ítarefni 	<ul style="list-style-type: none"> • tjái sig skýrt og áheyrilega • geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda • geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum • geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum • nýti sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt • geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn - Útlistunarkennsla - Lesið, spurt og spjallað - Þjálfunaræfingar - Þrautalausnir - Hópavinna - Paravinna - Umræðu- og spurnaraðferðir - Skapandi vinna
Lestur og bókmenntir		<ul style="list-style-type: none"> • lesi texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, leggi mat á hann og túlki • geti lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á þá • geti greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta • getið lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum • geti beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sögusvið og boðskap • geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi og líkingar • geti aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna 	<ul style="list-style-type: none"> - Hringekja - Sjálfsmat
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> • geti skrifað læsilega og af öryggi og beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur • geti samið texta þar sem eigin sköpun er beitt og njóti þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa hana • geti beitt helstu atriðum í stafsetningar og greinamerkjasetningum og ná valdi á þeim • geti skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísað til heimilda 	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> • geti notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti • nýti sér kunnáttu og færni í að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál • átti sig á því hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð og fallorð og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra • geti beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins • geri sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu 	

Námsmat	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lesfimiþróf eru þrisvar sinnum yfir veturinn og lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir tvisvar yfir árið. Stafsetningarkönnun verður lögð fyrir einu sinni.</p> <p><i>Viðmið í lestri:</i></p> <p>90% viðmið 105 orð á mínútu 50% viðmið 155 orð á mínútu 25% viðmið 175 orð á mínútu</p>
---------	---